

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

167. fundur haldinn fimmtudaginn 6. ágúst 2020

Pátttakendur voru: Ragnildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur.

Fundur hófst kl. 14:00

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt ásamt fundargerð 165 fundar.

2. Ákvörðun um endurskoðun grafargjalds.

Formaður leiddi umræður. Útreikningar vegna grafargjalds fyrir tímabilið frá 23. júlí til áramóta 2020 voru kynntir. Útreikningar miðast nú við þrjár tegundir garða: þéttbýlisgarð, dreifbýlisgarð og duftgarð. Stefnt er að því að endurskoða útreikninga grafargjalds fyrir næsta ár og fá Jóhannes Finn Halldórsson, sem séð hefur um útreikninga grafargjaldsins undanfarin ár, á fund ráðsins til að ræða þessi mál. Grafargjaldið var samþykkt og gildir fram að næstu áramótum.

3. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 17. september kl. 13:00.

4. Önnur mál.

Kristín Huld nefndi framkvæmdir sem farið var í við friðlýstan kirkjugarð í Kirkjubóli í Langadal. Gerði hún alvarlegar athugasemdir við framkvæmd verksins sem þyrfti að laga. Guðmundur Rafn mun fara vestur og skoða aðstæður. Fjallað verður um málið á næsta fundi.

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 14:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari